

Sveitarstjórn
Sveitarfélagið Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardalur
Afrit á Kristján Sturluson Sveitarstjóra

Gunnlaugur Már Sigurðsson
Dalamaður búsettur í
Taupo, Nýja Sjálandi
þann 10.6.2020

Efni: Athugasemdir og áskorun varðandi fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi vegna vindmyllu verkefna í Dalabyggð.

Í síðastliðinni viku fylgdist ég með youtube rás Dalabyggðar þar sem fram fóru kynningarfundir sem haldnir voru í Dalabúð í Búðardal þann 3. Júní 2020. Fundirnir voru haldnir til að kynna breytingu á aðalskipulagi sem er í vinnslu með í huga virkjunarkost á vindorku, annarsvegar í landi Sólheima og hins vegar í landi Hróðnýjarstaða. Í framhaldi af því að hafa fylgst með fundunum að þá finn ég mig knúinn og get ekki látið hjá líðast að rita þetta bréf. Undirritaður er íslenskur ríkisborgari fæddur og uppalinn í Búðardal, ég hef hinsvegar undanfarin 8 ár verið búsettur erlendis en á nákomna ættingja í Dalabyggð. Ég hef starfað sem verkefnisstjóri í orkuvinnslu verkefnum í nokkrum löndum utan Íslands er snúa að jarðhitavinnslu og tel mig hafa viðunandi þekkingu á orkuvinnslu verkefnum.

Þegar ég horfi á kynningarfundina að þá fannst mér þeir heilt yfir skilmerkilegir og miðla vel þeim upplýsingum sem liggja fyrir um verkefnið á þessu stigi. Það ber að hrósa Dalabyggð fyrir að halda slíka fundi og hversu opnir og gagnsærir þeir voru. Hins vegar komu fram á þessum fundum nokkur atriði sem eru umfram allt annað kveikjan að þessu bréfi til sveitarstjórnar og sveitarstjóra Dalabyggðar.

Þessi atriði sem komu fram voru:

1. Skipulagsmál eru ein af helstu grunnstoðum sveitarfélaga og að sveitarfélög hafi ákveðið skipulags tæki eða vald og beri að nýta það til góðs fyrir sveitarfélagið og mannlífið.
2. Skipulags tækið/valdið hefur þann tilgang að stuðla að jákvæðri íbúa þróun og auka lífsgæði íbúanna í Sveitarfélaginu.
3. Aðalskipulagsbreyting sem er til umræðu er formleg og bindandi áætlun um mótun byggðar í Sveitarfélaginu.
4. Mjög erfitt er að vinna að skipulagsbreytingunni þar sem regluverk er ekki til staðar fyrir virkjun vindorku af hálfu skipulagsstofnunar.
5. Framundan er stefnumótunar vinna innan sveitarfélagsins að skilgreina vindorkustefnu Dalabyggðar og skilagreina svæði hentug til orkuvinnslu vindorku.
6. Samkvæmt umhverfislögum eiga allir orkukostir yfir 10 MW á Íslandi þ.m.t vindorka að fara í gegnum umhverfismat og tilheyri að auki rammaáætlun stjórnvalda.
7. Sveitarstjórn ákveður að vinna að ferli og skipulagslýsingu m.a. í kjölfar tilkynningar fyrirtækisins Storm Orku þess efnis að félagið hyggist reisa vindmyllur í landi Hróðnýjarstaða í Dalabyggð.
8. Sveitarstjórn tekur þá ákvörðun að vinna áfram að málinu er varðar breytingar á aðalskipulagi þ.e.a.s að breyta landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði.

9. Samstarfs og vilja yfirlýsing virðist hafa verið undirrituð milli sveitarfélagsins Dalabyggðar og Storm Orku í upphafi vega þar sem sveitarfélagið lýsir sig reiðubúið að vinna með ákveðnu fyrirtæki í einka eigu að uppbyggingu vindorkuvers í landi Hróðnýjarstaða.
10. Virkjana kostir í Dalabyggð ekki taldir margir og því horft til vindorku.
11. Aðgangur framkvæmdaaðila að sveitarstjórnar fulltrúum hefur verið bæði á formlegum og óformlegum fundum varðandi verkefnið.
12. Gefið var í skyn að sveitarstjórn hafi verið undir þrýstingi með einum eða öðrum hætti af hálfu framkvæmdaaðila sem jafnframt báru allt slíkt af sér.

Umfjöllun um ofangreind atriði:

Í umfjöllun minni um ofangreind atriði að undanskildum atriðum 10, 11 og 12 að þá mun ég leggja til grundvallar ákveðnar lagagreinar. Það eru greinar úr Skipulagslögum 123/2010, Sveitarstjórnarlögum 138/2011, skilgreint hlutverk og ábyrgð sveitarstjórnarmanna eins og þau eru sett fram á vef sambands íslenskra sveitarfélaga og að síðustu siðareglum Dalabyggðar frá 6. Sept 2013.

Sveitarstjórnarmenn eru kjörnir fulltrúar og hafa það grundvallarhlutverk að gæta hagsmuna þeirra sem í sveitarfélaginu búa sem og hagsmuna sveitarfélagsins sjálfs. Að auki hafa sveitarfélög á hendi margvísleg lögmaelt verkefni. Eitt af þeim lögmaeltu verkefnum er að lúta að skipulagslögum 123/2010 sem falla undir málefni Umhverfis og Auðlindaráðherra.

Þegar horft er á atriði 1-8 hér á undan að þá eiga þau flest það sammerkt að ákveðin óvissa er fyrir hendi varðandi breytingu á aðalskipulagi. Óvissan endurspeglast m.a í eftirfarandi:

- Stefnumótun í orkumálum Dalabyggðar og sérstaklega virkjun á vindorku er ekki fyrir hendi í sveitarfélaginu.
- Framkvæmdaraðili Storm Orku virðist sjá sér hag í því að halda þeirri skoðun á lofti að vindorkuver eigi ekki heima í rammaáætlun stjórnvalda eins og aðrir orkukostir á Íslandi yfir 10 MW í uppsettu afli. En stjórnvöld gefa annað í skyn.
- Skipulagsfulltrúi lýsir erfiðleikum fyrst og fremst fólgin í því að laga umgjörð er ekki tilbúin að hálfu Skipulagsstofnunar.

Það blasir því við að sveitarfélagið á mjög erfitt um vik að beita sínu skipulagstæki á þann hátt að það uppfylli lögbundið hlutverk sveitarfélagsins eins og það er sett fram í skipulagslögum 123/2010. Í mínum huga að þá voru það grundvallar mistök að halda áfram með vinnu við aðalskipulagstillöguna vitandi af þeirri óvissu sem tilgreind er hér að ofan og þá sérstaklega horfandi á þá laga óvissu fyrir hendi frá Skipulagsstofnun. Sú ákvörðun að halda áfram með málin þrátt fyrir óvissuna gerir vinnu við þetta umdeilda mál erfiða og er helst til þess fallið að leggjast á sveif með framkvæmdaraðilanum Storm Orku sem nýverið virðist hafa lagt fram kæru á Skipulagsstofnun. Jafnframt má ætla að talsverðar líkur séu á því að sveitarfélagið berskjaldi sig gagnvart kærnum af ýmsum toga þar sem málið er keyrt í þeim óljósa farvegi sem það er í og án regluverks Skipulagsstofnunar.

Grein 2 um Starfsskyldur og ábyrgð í siðareglum Dalabyggðar tilgreinir m.a. að kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn “ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins.”

Horfandi á málið utanfrá sem leikmanni er erfitt að koma auga á að hagsmunum almennings

og sveitarfélagsins hafi verið gætt sem mikilvægasta hagsmunamálsins. Það virðist ekki neitt hafa verið til staðar sem krafði sveitarfélagið um að halda áfram með aðalskipulagsmálið en ákvörðun virðist hafa verið tekin um slíkt án augljósrar ástæðu af sveitarstjórn eins og fram kom í máli þínu á upplýsingafundinum. Undirritaður jafnframt veltir því fyrir sér hversu einföld sú aðgerð er fyrir sveitarfélagið að taka land aftur yfir í landbúnaðarnýtingu þegar það hefur á annað borð hefur verið skilgreint sem iðnaðarsvæði. Komi til þess að Storm Orka fái ekki framkvæmdaleyfi frá yfirvöldum að þá má reikna með ærinni fyrirhöfn að skilgreina landið aftur sem landbúnaðarsvæði. Það má án efa öllum vera ljóst að Hróðnýjarstaðir voru ekki keyptir af stjórnendum Storm Orku til að stunda þar fjárbúskap sem aðalatvinnu. Jörðin liggur vel við landfræðilega að tengjast háspennutengivirki Glerárskógarlínu og má ætla að sú ástæða hafi ráðið miklu um þá ákvörðun að Hróðnýjarstaðir voru valdir af Storm Orku.

Flókin úrlausnarmál í litlu samfélagi

Ísland er fremur lítið land og Dalabyggð er jafnframt lítið samfélag sömuleiðis og því ljóst að mál sem þetta reynir mikið á í litlu samfélagi og almenningur í Dölum virðist alls ekki sáttur við framgang mála. Í þessu samhengi vaknar sú spurning hvort grein 20 um hæfi sveitarstjórnarmanna til afgreiðslu í tilteknum málum í lögum 138/2011 um Sveitarstjórnir hafi verið uppfyllt eða könnun þar af lútandi gerð.

Það kom jafnframt fram á fundinum um Storm Orku af hálfu eins sveitarstjórnarmanns að framkvæmdaaðili hafi haft góðan aðgang að sveitarfélagsmönnum bæði á formlegum og óformlegum fundum. Slíkur óformlegur aðgangur orkar mjög tvímælis og óljóst hver tilgangur er með slíkum óformlegum aðgangi er. Slíkt tíðkast ekki í einkaframkvæmdum og því óljóst hvers vegna opinber aðili líkt og sveitarfélag bjóði upp á óformleg samskipti af einhverju tagi. Upplýsingar til framkvæmdaaðila í verkefnum sem þessum eru venjulega ekki veittar á neinn hátt nema formlega og skriflega. Gefið var í skyn á fundinum að óformleg samskipti eða fundir hafi átt sér stað milli aðila og orkar það mjög tvímælis í svo flóknu máli sem þessu.

Atriði 9 hér á undan talar um samstarfs og viljayfirlýsingu sem kom fram að hafi verið undirrituð milli sveitarfélagsins og Storm Orku. Það orkar mjög tvímælis að sveitarfélag sem opinber stofnun undirriti slíka yfirlýsingu. Samstarfs og viljayfirlýsingar eru sjaldan notaðar í einkageiranum enda vilja eigendur fyrirtækja gjarnan hafa allar staðreyndir á borðinu áður en hagstæðasti kostur er valinn í hvert verkefni. Horfandi á alla óvissu þættina sem taldir eru hér að ofan að þá vekur það upp spurningar á hvaða forsendum var slík yfirlýsing undirrituð. Jafnframt vakna spurningar um með hvaða hætti sá gjörningur gætti hagsmuna sveitarfélagsins, almennings eða uppfyllti annað lögboðið hlutverk Dalabyggðar?

Atriði 11 hér á undan kemur inn á þá upplifun eða vitneskju að sveitarfélagið hafi verið með einhverjum hætti beitt þrýstingi. Það er erfitt að fullyrða um slíkt en það er ljóst að fólk getur gjarnan upplifað hlutina sem þrýsting þar sem framkvæmdaaðili af skiljanlegum ástæðum sækir stíft fram og hefur ákveðið gjarnan forskot á sveitarfélagið. Það atriði ítrekar mikilvægi þess að samskipti við framkvæmdaaðila séu formleg í öllum tilfellum.

Aðrir virkjanakostir í Dalabyggð og umgjörð um virkjun vindorku.

Á kynningarfundunum kom fram í máli skipulagsfulltrúa að virkjanakostir í Dalabyggð væru álitnir fáir. Ég átta mig ekki á hvað liggur að baki þeirri fullyrðingu en tel þó að virkjanakostir í Dalabyggð séu ekki endilega færri en annarra eins og t.d. Borgarbyggðar, Vestfjarða, Norðurlands Vestra, Skaftafells sýslna eystri.

Steinólfur Lárusson heitinn hafði orð á því og ritað var um hans hugmyndir fyrir rúmum 30 árum síðan. Hugmyndir Steinólfs snerust um virkjun sjávarfalla í Hvammsfirði og þá sérstaklega rastarinnar í minni Hvammsfjarðar. Hvammsfjörður er einn af fáum ef ekki sá eini staður á Íslandi sem henta vel fyrir sjávarfallavirkjanir staðsettar neðansjávar. Einhverjar skoðanir voru gerðar á þessum kosti í Stykkishólmi fyrir einhverjum árum síðan án þess að ég þekki fleiri staðreyndir um málið. Ég hins vegar velti fyrir mér hvort Dalabyggð hafi á undanförunum árum kynnt sér slík mál eða hafi jafnvel áhuga að skoða slíkt.

Það eru fyrirtæki á Íslandi sem sérhæfa sig í uppsetningu smávirkjana með uppsett afl undir 10 MW. Framkvæmdaaðili á Sólheimum kom inn á að þeir væru bakhjarlar Arctic Hydro sem sérhæfir sig í slíkum virkjunum. Þessar virkjanir byggja gjarnan á virkjun bæjarlækja og eða stærri áa. Þeir eru margir bæjarlækirnir í Dalabyggð og hugsanlegt að sveitarfélagið hafi hug á að kanna slíka virkjunarkosti.

Þar sem ég er búsettur er til dæmis Lake Taupo sem mynda nátturulegt uppistöðulón með einni á sem úr því rennur og er hún virkjuð. Lake Taupo er talin ein mesta silungsveiði perla í heimi. Er hægt að virkja Laxá í Dölum fyrir ofan alla veiði staði? Er hægt að virkja Haukadalsá efri fyrir ofan alla veiðistaði, er hægt að virkja Þverá í landi Köldukinnar fyrir ofan alla veiðistaði? Allt saman álitnar spurningar.

Að endingu

Að endingu á umfjöllun minni varðandi þau óvissuatriði talin upp hér að framan í þessu tiltekna máli. Þá vil ég skora á ykkur, sveitarstjórnarmenn Dalabyggðar, að láta almenning í Dalabyggð njóta vafans, almenningur sem eru jafnframt útsvarsgreiðendur í Dalabyggð. Í því samhengi má nýta grein 33 í lögum 123/2010 um skipulagsmál. Í ljósi óvissunnar sem tilgreind er hér að framan getur sveitarstjórn stöðvað vinnu við aðalskipulagið og frestað ákvörðunum um 4 ár í senn. Á þessum 4 árum getur framkvæmdaaðili Storm Orka fundið út úr sínum málum við Skipulagsstofnum og yfirvöld. Dalabyggð jafnframt nýtt þann tíma til að móta sér heildræna stefnu í orkumálum og sér í lagi vindorkumálum. Vindorka getur verið góður hlutur fyrir alla aðila sé rétt staðið að málum. Hér á Nýja Sjálandi þar sem ég bý eru starfrækt 17 vindorkuver og þróun þeirra almennt á könnu sveitarfélaga í samvinnu við orkufyrirtækin. Hinsvegar að þá er regluverkið til staðar og menn vinna eftir því en byrja ekki á að þröngva orkuverinu í gegnum stjórnkerfi og smíða svo reglurnar.

Orkubúskapur á Íslandi er með þeim hætti að engin orkuskortur er á landinu. Nýverið lagði Rio Tinto Alcan fram tillögu þess efnis við Landsvirkjun að rifta orkusölu samningum og leggja álverið í Straumsvík niður. Upphófst deila milli aðila sem er með sama sniði og aðrar deilur sem Rio Tinto stendur í víða um heim og allar á sömu forsendum, hátt raforkuverð. Í kjölfarið hafi orkufyrirtæki á Íslandi haldið að sér höndum varðandi frekari orkuvinnslu á næstu árum. Mannvirkin eru komin til ára sinna í Straumsvík og ljóst að það mun verða freistandi fyrir Rio Tinto að sleppa kostnaðarsömu viðhaldi og leggja álverið niður. Komi til þess að þá er ljóst að umfram orka á netinu er jafngildi Búrfellsvirkjunar eða 270 MW og mun

Það anna allri orkupörf Íslands amk til 2050 komi ekki einhver annar orkufrekur iðnaður til. Það má leiða líkum að því að evrópusambands tilskipanir um orkupakka í framtíðinni séu helsti hvati fyrirtækja eins og Storm Orku til að ríða fram á sviðið með sín áform.

En og aftur skora ég á ykkur, sveitarstjórnarmenn Dalabyggðar, að staldra við hér og hugsaða hlutina í stærra samhengi. Við getum ekki látið spákaupmenn knýja Dalabyggð eða önnur sveitarfélög í gegnum hálfklárað regluverkið. Nemum staðar hér, myndum stefnu í málinu og látum löggjafann vinna sína vinnu fyrst.

Norðan áttin hefur blásið í Dölum yfir Laxárdalsheiði frá Landnámi og engar vísbendingar um að hún sé að hætta því á næstu árum, mönnum liggur ekki á að aðhafast neitt í málinu án fullrar aðkomu og regluverks Alþingis.

Virðingarfyllt



Gunnlaugur Már Sigurðsson
Dalamaður

